

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**805. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 30. september 2013
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Umsóknir um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
2. Fundargerð 808. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Upplýsingar um XXI. Ársþing SSNV 17.-19. október nk.
4. Fundargerðir stjórnar SSNV frá 8/5, 27/8 og 16/9 sl.
5. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra frá 27/8 sl.
6. Bréf Sveins Benónýssonar.
7. Bréf Innanríkisráðuneytisins.
8. Fyrirkomulag rjúpnaveiða í Húnaþingi vestra haustið 2013.
9. Málefni Félagsheimilisins Víðihlíðar.
10. Undirbúningur að stofnun atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram lagðar umsóknir um starf sviðsstjóra fjölskyldusviðs Húnaþings vestra. Umsóknarfrestur um starfið rann út þann 24. september sl. Eftirtaldir 6 einstaklingar sóttu um starfið:
Daði Einarsson.
Einar Örn Thorlacius.
Esther Hermannsdóttir.
Fríða Björk Pálsdóttir.
Halldór Karl Hermannsson.
Hjörtur Örn Eysteinnsson.
Byggðarráð felur Skúla Þórðarsyni, sveitarstjóra, Leó Erni Þorleifssyni, oddvita og Elínu R. Línal, sveitarstjórnarmanni að fara yfir umsóknirnar og gera tillögu til sveitarstjórnar um ráðningu sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð 808. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Lagðar fram til kynningar upplýsingar um XXI. Ársþing SSNV sem haldið verður í Skagafirði 17.-19. október nk.
4. Fundargerðir stjórnar SSNV frá 8/5, 27/8 og 16/9 sl. lagðar fram til kynningar. Vegna 1. dagskrárliðar í fundargerð SSNV frá 16. september sl. samþykkir byggðarráð að tilnefna Skúla Þórðarson, sveitarstjóra sem fulltrúa Húnaþings vestra í starfshóp er annast skal undirbúning að umræðum og tillögum v/ málefna fatlaðra á ársþingi SSNV sem haldið verður í Skagafirði 17. - 19. október nk.
5. Fundargerð stjórnar Byggðasamlags um málefni fatlaðra frá 27/8 sl. lögð fram til kynningar.
6. Bréf Sveins Benónýssonar lagt fram en þar eru gerðar athugasemdir við áform um staðsetningu klórgeymslu og aðgengi fatlaðra í íþróttamiðstöð. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til skoðunar framkvæmda- og umhverfissviðs. Sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs falið að svara erindinu.

7. Bréf Innanríkisráðuneytisins lagt fram. Í bréfinu er m.a. fjallað um fræðsluþing Vitundarvakningar sem ætluð eru starfsfólki grunnskóla, barnaverndar, félagsþjónustu o.fl. Samþykkt að vísa bréfinu til fjölskyldusviðs.
8. Lögð fram drög að reglum um rjúpnaveiði haustið 2013. Reglurnar samþykktar samhljóða og gjald fyrir hvert leyfi verði kr. 9.000-. Þá samþykkir byggðarráð að banna rjúpnaveiðar á eftirtöldum jörðum sveitarfélagsins, Engjabrekku, Kirkjuhvammi og Ytri-Völlum. Sveitarstjóra falið að auglýsa samþykktar reglur.
9. Sveitarstjóri gerði grein fyrir samningi sem undirritaður hefur verið um leigu Félagsheimilisins Víðihlíðar til Guðlaugar Jónsdóttur. Leigutaki tekur allt húsnæði félagsheimilisins á leigu frá 1. október nk. til og með 31. mars nk. Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við samninginn.
10. Rætt um undirbúning að stofnun atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra. Byggðarráð lýsir ánægju með framkomna hugmynd um stofnun sjóðsins. Byggðarráð felur sveitarstjóra að leggja drög að stofnsamþykkt og úthlutunarreglum fyrir byggðarráð. Samþykkt að taka á dagskrá:
11. Fram lagðar umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Kristján Bjarna Jakobsson og Ingólf Árna Jakobsson og um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags fyrir Hermann Heiðar Jakobsson vegna haustannar 2013. Byggðarráð samþykkir erindið.
12. Fram lagt bréf Orkubús Vestfjarða vegna endurnýjunar lágspennukerfis og gatnalýsingar á Borðeyri. Bréfinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2014.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Ragnar Smári Helgason.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.